

Reykjavík 10.maí 2021



**Fyrirspurn íbúaráðs Miðborgar og Hlíða - Staða mála vegna Baldurstorgs og annarra torga í miðborginni**

Á fundi íbúaráðs Miðborgar og Hlíða þann 27. apríl 2021 lagði ráðið fram svohljóðandi fyrirspurn:

Íbúaráð Miðborgar og Hlíða óskar eftir upplýsingum um stöðu mála varðandi torg í Miðborginni og þá sérstaklega varðandi Baldurstorg. Mikil umræða hefur verið um Baldurstorg meðal íbúa og íbúðaráðið kallar eftir upplýsingum um hvar málið er statt? Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs. Svára er óskað innan þriggja vikna.

Virðingarfyllt  
Heimir Snær Guðmundsson

**Svar frá Deild Borgarhönnunar, Skrifstofa Samgöngustjóra og Borgarhönnunar**

Endurgerð torga og gatna í miðborginni hafa undanfarin ár verið mikilvægur partur af því að skapa fallegri ásýnd miðborgarinnar, auka dvalarsvæði fyrir fólk og bæta aðgengi allra í miðborginni hvort sem það eru virkir ferðamátar, aðstaða fyrir rekstraraðila eða aðgengi hreyfihamlaðra.

Við sláum ekki slöku við í miðborginni, að fegra hana og bæta enn hverskonar framkvæmdir þar eru mjög viðkvæmar svo vanda þarf til verka í hverju skrefi til þess að allt gangi sem best fyrir sig og sem minnsta rask verði. Hér fyrir neðan eru upplýsingar um stöðu torga í miðborginni í dag.

**Káratorg:**

Forhönnun er lokið, framundan er verkhönnun og áætlað er að framkvæmd Veitna hefjist í mars 2022 og í kjölfarið yfirborðsframkvæmd. Framkvæmdarfé hefur ekki verið staðfest enn á að fara sem viðauki fjárfestingaráætlunar í maí.

**Lækjartorg:**

Hönnunarsamkeppni í samstarfi við FÍLA, Félag íslenskra landslagsarkitekta um Lækjartorg, Austurstræti og Bankastræti hefst í júní 2021.

**Baldurstorg:**

Óskað verður eftir að fá hönnunar- og framkvæmdarfé endurgerðar svæðis á fjárhagsáætlun 2022. Áætlað er að forhönnun geti hafist í janúar 2022. Við lok forhönnunar mun Deild Borgarhönnunar óska eftir deiliskipulagsbreytingu á svæðinu.

**Hlemmtorg:**

Verkhönnun torgs er hafin. Áætlað er að framkvæma fyrsta áfanga torgsins í september 2021 eða í mars 2022.

**Torg á Tryggvagötu:**

Framkvæmd torgs er komin vel á veg. Loka yfirborðsfrágangur torgs hefst í júní 2021.

Virðingarfyllt

Rebekka Guðmundsdóttir



Deildarstjóri. Deild Borgarhönnunar.